

4. mál Umræða um sumarstörf í Reykjavík

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Sumarstörf í Reykjavík borg er ekki frumlegur dagskrárliður hér í borgarstjórn. Við höfum rætt um sumarstörf með reglulegu millibili sér í lagi eftir hrun, sér í lagi að frumkvæði minnihlutans og þá einkum og sér í lagi að frumkvæði Vinstri grænna. Þegar farið er í gegnum fundarboð og fundargerðir fæst ekki séð að fulltrúar meirihlutans hafi nokkru sinni sett sumarstörf á dagskrá borgarstjórnar. Raunar hafa fulltrúar meirihlutans varla sett atvinnumál á dagskrá yfirhöfuð hvorki hér í borgarstjórn né annars staðar á vettvangi hennar. Þrálátar tilvísanir í aðgerðaáætlanir borgarstjórnar og Völundarverk eru látnar duga þegar að einhver spyr. Völundarverkið er undantekning. Þar er á ferðinni er jákvætt og þarft verkefni sem virðist vera að lukkast með ágætum, en það er bara ekki nóg. Jafnvel þótt verkefnið hafi margþætt áhrif á menningu, menntun og atvinnustig, þá miðast það við lítinn og afmarkaðan hóp á vinnumarkaði. Hvað með hina, hvenær á að huga að þeim? Halda fulltrúar meirihlutans í alvörunni að það sé nóg að setja á koppinn lítið og afmarkað verkefni í þágu iðnaðarmanna til að halda uppi atvinnustigi í Reykjavík eða var markmiðið kannski bara að setja á koppinn verkefni sem hægt er að benda á þegar að spurt er út í aðgerðir. Hefur meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eitthvað annað í hyggju en það þegar að kemur að atvinnumálum? Á markaðurinn kannski að leysa vandann? Markaðurinn sem skóp vandann?

Forseti, það er þannig að meirihluti borgarstjórnar hefur staðfastlega neitað að horfast í augu við þann vanda sem við blasir samhliða síauknu atvinnuleysi. Atvinnumál eru að verða eitt stærsta velferðarmál samtímans og þá dagar Völundarverk eða aðgerðaráætlun skammt. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur ekki dug í sér til þess að takast á við þetta brýna og aðkallandi verkefni.

Enn hefur atvinnumálahópur aðgerðahóps borgarráðs ekki fengið verðugan sess í stjórnkerfinu þó sú krafa minnihlutans hafi verið uppi í næstum heilt ár. Atvinnumálahópurinn er enn undirhópur undirhóps undir borgarráði, honum er stýrt af fulltrúa minnihlutans og fulltrúar meirihlutans eru ansi fátíðir gestir á fundum hans. Atvinnumálahópurinn hefur hvorki umboð né fjármagn og hann

tekur ekki ákvarðanir. Í raun má segja að atvinnumálahópur aðgerðarhóps borgarráðs virki sem upplýsingaveita og umsagnaraðili. Aldrei er send út dagskrá fyrir fundi og engar hefðbundnar fundargerðir eru skrifaðar. Enginn fær upplýsingar um það sem fram fer á fundunum nema eftir því sé sérstaklega óskað. Þar sitja fulltrúar minnihlutans ásamt frábærum embættismönnum borgarinnar og reyna af veikum mætti að finna leiðir til að gera það sem þarf.

Er meirihlutinn stoltur af þessu fyrirkomulagi? Er það svona sem þverpólítísku vinnubrögðin áttu að vera? Er það svona sem að við ætluðum að taka höndum saman og leggjast á eitt og lágmarka skaða kreppunnar, með því að fela fulltrúum minnihlutans að sjá um upplýsingagjöf til meirihlutans í nafni formennsku í starfshópi. Með því að láta minnihlutann vasast í því sem að meirihlutinn hefur ekki áhuga á eða með því að láta minnihlutann bera ábyrgð á þeim vanda sem að meirihlutinn treystir sér ekki til að horfast í augu við. Ég veit hreinlega ekki hverju ég á að trúa lengur. Mér er fyrimunað að skilja hvers vegna ekki hefur verið stofnaður sérstakur og þar til gerður hópur sem hefur umboð til að taka ákvarðanir og grípa til aðgerða í þágu atvinnustígs í borginni.

Ég skil ekki af hverju Völundarverkefnið er eina atvinnuátaksverkefnið sem sett hefur verið á laggirnar, ég skil ekki hvers vegna ekki hefur verið sett meira fjármagn í atvinnuskapandi verkefni og ég skil ekki af hverju það litla fjármagn sem sett var í miðlægan pott liggur enn óskilgreint og óhreyft í Ráðhúsinu. Og talandi um miðlæga pottinn – miðlæga pottinn sem settur var inn í fjárhagsáætlun kortéri fyrir afgreiðslu. 150 milljónir í atvinnumál ungs fólks sem svo reyndar var breytt í atvinnumál. Af hverju var potturinn 150 milljónir? Af hverju ekki 100 eða 200 eða 134 milljónir. Hver reiknaðir út þörfina fyrir miðlægan pott? Af hverju var hann settur í Ráðhúsið án útskýringa?

Forseti, þar sem lítil eða engin svör hafa fengist við margítrekuðum fyrirspurnum okkar Vinstri grænna og atvinnumálahóps um fyrirhugaðar ráðningar í sumar, áætlun um fjölda stöðugilda, fjölda stöðugilda og [...] og samanburð milli ára er ljóst að áhrif fjárhagsáætlunar borgarinnar og atvinnustígs hafa ekki verið metin. Framkvæmdasvið státar sig að mannaflafrekum framkvæmdum sem reyndar eru umdeilanleg en að öðru leyti virðast engar línur hafa verið lagðar af hálfu meirihlutans. Ef raunveruleg áhersla hefði verið á atvinnumál og lögð hefði verið

vinna í að reikna út þörfina fyrir fjármagn til atvinnumála með hliðsjón af tölum og spám um atvinnuleysi og útreikningum og hagrænum áhrifum þess, þá hefði umræddur pottur ekki verið upp á 150 milljónir kr. 150 milljónir kr. hrökkva skammt í atvinnuátaki í þágu ungmenna, hvað þá til þess að dekkja heila málaflokkinn. Miðlægur pottur á síðasta kortérinu án þarfagreiningar eða útreikninga er óskiljanlegt fyrirbæri. Var hann settur þarna inn til að friða minnihlutann í undirhópnum, til að áfram væri hægt að halda því fram að um þverpólitískt samstarf væri að ræða jafnvel þó að fulltrúar meirihlutans mæti ekki og jafnvel þótt atvinnuálahópurinn hafi ekkert umboð til að úthluta fjármagni. Það er óskiljanlegt að ekki skuli vera gert neitt í málinu, jafnvel þótt atvinnuleysi fari sívaxandi í samfélaginu. En atvinnuálahópur aðgerðarhóps borgarráðs vinnur nú að einurð að tillögugerð um það hvernig 150 milljónirnar geti nýst sem best. Fulltrúar minnihlutans afla nú gagna og reyna að greina stöðuna til að svo verði hægt að leggja fram tillögu um nýtingu fjármunanna í borgarráði mánuði eftir samþykkt fjárhagsáætlunarinnar. Einhverjum kynnu að finnast slík vinnubrögð óásættanleg, en meirihlutnum finnst greinilega að slumpa inn friðþægingarupphæð í miðlægan pott og sjá svo hvort minnihlutinn finnur ekki eitthvað út úr þessu.

Forseti, áður en ég vík að sumrinu ætla ég að ítreka athugasemdir mínar varðandi vinnulag og áherslur minnihlutans hvað atvinnuálahóp varðar. Ég get ekki sætt mig við það lengur að hér sé talað um þverpólitíska sátt og samvinnu þegar að kemur að atvinnuálahópnum. Eigi svo að vera verður að leiðrétta stöðu atvinnuálahóps í snarhasti. Það þarf að gera að formlegum vettvangi ákvarðanatöku þar sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar mæti á fundi, að send séu út gögn fyrir fundi og með fundarboði og fundargerðir séu ritaðar. Ég get ekki heldur sætt mig við, að fá ekki upplýsingar um fjölda stöðugilda og mannmánaða og samanburð á milli ára með reglulegu millibili og ég get ekki sætt mig við að upplýsingaskortur og umboðsleysi kjörinna fulltrúa í undirhópnum undirhópa komi í veg fyrir að starfsfólk borgarinnar geti komið af stað atvinnuskapandi verkefnum í þágu fjölbreyttra hópa.

Ég get ekki sætt mig við að rúmum mánuði eftir samþykkt fjárhagsáætlunar sé undirhópur undirhópsins enn að safna gögnum til að hægt sé að gera tillögu til

borgarráðs um hvernig hægt verði að nýta pott sem að enginn hafði hugsað fyrir þegar að fjárhagsáætlunin var samþykkt. Ég geri þá kröfu að málaflokkurinn verði tekinn til gagngerðrar endurskoðunar enda ljóst að félagslegar og efnahagslegar afleiðingar atvinnuleysis munu reynast borginni dýrkeyptar ef ekkert verður að gert. Það er nefnilega þannig, forseti, að ef atvinnumál væru viðurkennt viðfangsefni kjörinna fulltrúa þá þyrftum við ekki að vera að setja afmarkaða hópa á dagskrá borgarstjórnar eins og tíðkast hefur frá hrúni. Það væri löngu farið að huga að sumarstörfum á vegum borgarinnar. Þá væri ungt fólk og foreldrar þeirra ekki uggandi vegna yfirvofandi atvinnuleysis og mögulegs forsendubrests fyrir frekari menntun. Ég er ekki að segja að Borgarstjórn Reykjavíkur geti upprætt atvinnuleysi í borginni eða komið í veg fyrir vandamál og áhyggjur fólks, en ég er þess fullviss að við getum gert svo miklu, miklu betur.

Forseti, ég veit ekki hvað sviðin koma til með að ráða mikið af starfsfólki í sumar. Enn síður veit ég hver breytingin kemur til með að verða á milli ára. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir þá berast svörin ekki. Fjárhagsáætlun borgarinnar hefur verið samþykkt án þess að fyrir liggi hvernig atvinnumálum verður háttað í sumar. Það er áhyggjuefni. Í dag er 19. janúar, fyrirspurnum rignir inn í vinnumiðlun ungs fólk frá ungmennum og foreldrum nú þegar. Hverju á starfsfólkið að svara? Að þetta reddist. Að í borgarstjórn er ekki þverpólitísk samstaða um að vinna af krafti gegn afleiðingum kreppunnar. Að ekki standi til að segja upp fastráðnu starfsfólki eða að það hafi engar ákvarðanir verið teknar um atvinnumál ungs fólks í sumar. Í ár eru áætlaðar 96 milljónir í atvinnumál á vegum vinnumiðlunar ungs fólks. Sumir hrósuðu varnarsigri þegar að upphæðinni var haldið óbreyttri á milli ára, en ég sé enga ástæðu til að fagna. Þegar atvinnuleysið var sem mest á tíunda áratug síðustu aldar voru upp undir 250 milljónir á þávirði settar í sama lið. Þá var við stjórnvölinn meirihluti sem gerði sér grein fyrir að ungt fólk þarf á sumarhýrunni að halda, að sumarstörf ungs fólks eru ekki til þess eins að hafa ofanaf fyrir ungmennum heldur skipta sumarstörf máli fyrir einstaklingana sem þau vinna, fyrir borgina sem að nýtir krafta þeirra og samfélagið allt sem þannig má reikna með kraftmeiri og duglegri borgarþúum.

Ástæða þessa frumlega dagskrárliðar hér í dag er í raun einföld. Ég óskaði eftir svörum frá meirihlutanum í borgarstjórn um hvernig þau sjái sumarið fyrir sér.

Bstj. 19. janúar 2010

Hvort þau telji 96 milljónir í alvörunni duga til að koma í veg fyrir að ungmenni detti út úr skóla í haust og hvort þau hafi upphugað einhverjar leiðir til að sporna gegn stórauðni atvinnuleysi meðal ungmenna í sumar. Þess utan vona ég að þessi brýning mín verði til þess að raunverulega verði farið að vinna á vettvangi borgarstjórnar í þágu atvinnustigs í borginni. Að sýndarsamráð verði lagt af og raunverulegt samráð tekið upp um þetta brýna hagsmunamál borgarbúa.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs og er umræðu lokið.